

**Mennta- og menningamálaráðuneytið, aðalskrifstofa**  
02 101

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Mennta- og menningamálaráðuneytið, aðalskrifstofa  
kt. 460269-2969  
Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Hlutverk ráðuneytisins er að stuðla að öfluggu menningarlífi og mennta- og vísindastarfsemi til að auka lífsgæði fólks í landinu. Helstu málefni sem stofnunin fer með eru menntamál, rannsóknir og vísindi, listir og menningarstarf, fjölmiðlar, íþróttamál og æskulýðsstarfssemi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 22 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.162,5 milljónir og afkoma kr. 4,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 36,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 175,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Mennta- og menningamálaráðuneytisins, aðalskrifstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Mennta- og menningamálaráðuneytisins, aðalskrifstofu fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Páll Magnússon  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.100.700.000	1.059.500.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	53.943.793	8.235.369
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>7.824.647</u>	<u>8.279.353</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.162.468.440</b>	<b>1.076.014.722</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	878.143.518	794.894.908
Framlög og tilfærslur .....	5	6.291.925	17.407.228
Annar rekstrarkostnaður .....	6	265.350.337	242.491.353
Afskriftir .....	7	<u>7.824.647</u>	<u>8.279.353</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.157.610.427</b>	<b>1.063.072.842</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>4.858.013</b>	<b>12.941.880</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(245.995)</u>	<u>(64.760)</u>
		<b>(245.995)</b>	<b>(64.760)</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>4.612.018</u></b>	<b><u>12.877.120</u></b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	4.903.943	17.384.348
Rekstrartilfærslur .....		<u>(291.925)</u>	<u>(4.507.228)</u>
		<b><u>4.612.018</u></b>	<b><u>12.877.120</u></b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		29.811.955	31.489.249
Aðrar eignir .....		449.900	449.900
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>30.261.855</u>	<u>31.939.149</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	144.314.396	129.204.271
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		811.371	221.822
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>145.125.767</u>	<u>129.426.093</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>175.387.622</u>	<u>161.365.242</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		35.969.679	31.357.661
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>35.969.679</u>	<u>31.357.661</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	3.244.707	3.059.144
Viðskiptaskuldir .....	11	16.958.532	13.160.610
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	90.971.938	82.920.414
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	28.242.766	30.867.413
		<u>139.417.943</u>	<u>130.007.581</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>139.417.943</u>	<u>130.007.581</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>175.387.622</u>	<u>161.365.242</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		4.612.018	12.877.120
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	7.824.647	8.279.353
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(7.824.647)	(8.279.353)
		<u>4.612.018</u>	<u>12.877.120</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		(589.549)	(56.483)
Tengdir aðilar .....		(15.871.915)	8.499.053
Skammtímaskuldir .....		11.849.446	(21.319.690)
		<u>(4.612.018)</u>	<u>(12.877.120)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(6.147.353)	(6.238.019)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	166.283
		<u>(6.147.353)</u>	<u>(6.071.736)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		947.353	1.071.736
Fjárfestingarframlag .....		5.200.000	5.000.000
		<u>6.147.353</u>	<u>6.071.736</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgögnukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.100.700.000	1.064.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(4.500.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.100.700.000	1.059.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	7.824.647	8.279.353
	<b>1.108.524.647</b>	<b>1.067.779.353</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.094.700.000	100.000	0	1.094.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	0	5.900.000	0	5.900.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.094.700.000</b>	<b>6.000.000</b>	<b>0</b>	<b>1.100.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(1.089.796.057)	(6.291.925)	0	(1.096.087.982)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>4.903.943</b>	<b>(291.925)</b>	<b>0</b>	<b>4.612.018</b>

	2019	2018
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	44.700.000	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	7.460.379	0
Ýmsar tekjur .....	1.783.414	8.235.369
	<b>53.943.793</b>	<b>8.235.369</b>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	707.730.635	643.879.850
Orlof, breyting .....	3.520.408	(4.300.433)
Launatengd gjöld .....	160.005.547	147.394.635
Starfsmannakostnaður .....	6.886.928	7.920.856
	<b>878.143.518</b>	<b>794.894.908</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	66,85	63,02
------------------------------	-------	-------

### 5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	125.000	250.000
Rekstrartilfærslur aðrir .....	6.166.925	17.157.228
	<b>6.291.925</b>	<b>17.407.228</b>

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.175.626	2.039.975
Byggingarvörur, almennar ....	3.056	882.167
Tæki og búnaður til innréttinga ....	92.414	0
Ýmis tæki og áhöld ....	4.438.874	825.223
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	26.400	33.324
Orkugjafar ....	27.646	160.424
Matvæli ....	7.099.360	3.433.629
Kennslu- og fönðurvörur ....	38.786	90.653
Almennar rekstrarvörur ....	502.139	739.694
Vörukaup, almenn	14.404.301	8.205.089
Fundir, námskeið, risna ....	9.836.922	7.631.970
Ferðir, uppihald ....	35.392.710	40.284.534
Akstur ....	2.940.784	2.576.795
Sérfræðiþjónusta ....	62.822.728	40.299.783
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	72.293	114.414
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	8.089.284	2.859.171
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	6.533.183	5.860.749
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	125.687.904	99.627.416
Samningsbundin kaup og leiga ....	4.302.483	0
Afnotagjöld ....	13.067.692	11.622.015
Leigugjöld ....	77.130.360	78.726.634
Notkun véla og flutningatækja ....	362.896	360.212
Verkkaup ....	4.790.226	7.308.001
Kostnaðarhlutdeild ....	25.327.176	36.586.773
Áhættutap og bætur ....	250.512	0
Tryggingar, lögboðnar ....	0	19.764
Opinber gjöld ....	26.787	35.449
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	125.258.132	134.658.848
Annar rekstrarkostnaður samtals	265.350.337	242.491.353
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	7.543.675	8.279.353
Sölutap og úreltar eignir ....	280.972	0
	7.824.647	8.279.353

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	29.811.955	31.489.249
Aðrar eignir .....	449.900	449.900
	<u>30.261.855</u>	<u>31.939.149</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	70.524.942	449.900	70.974.842
Viðbætur á árinu .....	6.147.353	0	6.147.353
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.562.242)	0	(2.562.242)
	<u>74.110.053</u>	<u>449.900</u>	<u>74.559.953</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	39.035.693	0	39.035.693
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.562.242)	0	(2.562.242)
Afskrift ársins .....	7.824.647	0	7.824.647
	<u>44.298.098</u>	<u>0</u>	<u>44.298.098</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>29.811.955</u>	<u>449.900</u>	<u>30.261.855</u>
		<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	137.814.396	49.030.160
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	6.500.000	300.000
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	79.874.111
	<u>144.314.396</u>	<u>129.204.271</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	3.244.707	3.059.144
	<u>3.244.707</u>	<u>3.059.144</u>

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	31.357.661	18.480.541
Afkoma ársins .....	4.612.018	12.877.120
Jöfnuður 31.12. ....	<u>35.969.679</u>	<u>31.357.661</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	85.570.565	82.050.157
Ógreidd laun .....	4.215.885	0
Önnur ógreidd gjöld .....	1.185.488	870.257
	<u>90.971.938</u>	<u>82.920.414</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í forni afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	30.261.855	31.939.149
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(2.019.089)	(1.071.736)
	<u>28.242.766</u>	<u>30.867.413</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	31.939.149	(1.071.736)	30.867.413
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	5.200.000	5.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	6.147.353	(6.147.353)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(7.824.647)	0	(7.824.647)
	<u>30.261.855</u>	<u>(2.019.089)</u>	<u>28.242.766</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 6,4 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og eru þeir ótímabundnir. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 81,9 milljónum. Þjónustusamningar um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa eru ótímabundnir og annarsvega tímabundnir til ársins 2020. Árlegar greiðslu vegna þjónustusamninga eru kr. 6,7 milljónir. Styrktar og samstarfssamningar vegna leigu á listaverkum nema 1,2 mkr. og eru ótímabundnir.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrektur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.